

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

424. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson (MÖG).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Nýtt félag staðan
2. Fargjaldatekjur
3. Gjaldskrármál
4. Þjónustukannanir
 - a. Hulduheimsóknir
 - b. Strætó í fjölmiðlum
5. Áhættustýring
6. Strætó í Gufunes
7. Greiðslur
8. Uppgjör

1. Nýtt félag - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna og tilfærslu þeirra til nýs félags. Lagt var fram vinnuplagg um stöðu rekstrarframlaga eigenda fyrir árið 2025 og meðferð þeirra.

2. Fargjaldatekjur

Fargjaldatekjur á fyrsta ársfjórðungi eru um 1% undir áætlun. Sala tímabils korta er undir áætlun en stöðugur vöxtur er í snertilausum greiðslum.

3. Gjaldskrármál

Lagt var fram bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar dagsetta 30. mars 2026. Málinu vísað til umræðu eigenda. Fulltrúi Seltjarnarnes í stjórn Strætó bókar að hann óski eftir að málið verði rætt í samhengi við samþykktu og núgildandi eigendastefnu Strætó, sér í lagi lið 4.2 sem fjallar um rekstrarmarkmið og fargjaldastefnu fyrirtækisins.

4. Þjónustukannanir

Markús Vilhjálmsson, fór yfir niðurstöðu hulduheimsókna og fjölmiðlaskýrslu Strætó fyrir árið 2025.

5. Áhættustýring

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir breytingar á áhættustýringu hjá Strætó í framhaldi af breytingum sem verða á starfseminni. Stjórn samþykkir nýja áhættustefnu.

6. Strætó í Gufunes

Lagt var fram minnisblað um hugmyndir að útfærslu Strætó í Gufunes. Stjórn samþykkir að vísa málinu til borgarstjórnar Reykjavíkur.

7. Greiðslur

Málefnið lagt fram til kynningar.

8. Uppgjör

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að klára málið í samræmi við umræður á fundinum

Fundi slitið 09:30.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Örvar Jóhannsson

Magnús Örn Guðmundsson